



Atvinnuveganefnd Alþingis

Sent með tölvupósti.
Reykjavík, 17. mars 2021

Efni: Frumvarp til laga um fiskeldi, matvæli og landbúnað (einföldun regluverks), 549. mál.

Tilv. 202103-0007

Vísað er til umsagnarbeiðni frá nefndasviði Alþingis, dags. 26. febrúar sl., um frumvarp til laga um fiskeldi, matvæli og landbúnað (einföldun regluverks), 549. mál (þingskjal 916 – 151. löggjafarþing). Bændasamtökin hafa farið yfir efni frumvarpsins og telja einföldun stjórnsýslu og regluverks almennt af hinu góða en vilja koma eftirfarandi athugasemdum við einstök ákvæði á framfæri.

Í 26. gr. eru lagðar til breytingar á lögum um velferð dýra nr. 55/2013 sem snúa að breytingum á skipun fagráðs um velferð dýra. Bændasamtökin skipi ekki lengur fulltrúa í fagráðið. Bændasamtök Íslands telja skorta rökstuðning fyrir þörf á lagabreytingu en skv. núgildandi lögum er samsetning fagráðsins vel rökstudd og þar er lögð áhersla á faglega breidd fagráðsins sem sjálfstæðs faglegs vettvangs til umfjöllunar um dýravelferðarmál. Bændasamtökin telja hætt við að fagleg sjónarmið viki fyrir skilvirkni og leggja til óbreytt fyrirkomulag enda falli það betur að markmiðum laga um velferð dýra.

Í 31. gr. eru lagt til að lögfesta skyldu Bændasamtaka Íslands til að veita umsagnir um fjallskilasamþykktir. Samtökin telja eðlilegra að ef leita skuli umsagnar skuli þeim beiðnum beint til ráðuneytis sem yfirfari fjallskilasamþykktir efnislega með hliðsjón af lögum um afréttarmálefni, fjallskil o.fl. nr. 6/1986 (fjallskilalög) og geri athugasemdir ef við á. Stjórn fjallskilaumdæmis beri þó ábyrgð á að þær séu í samræmi við lög og reglur. Tafir hafa verið á meðferð þessara mála í ráðuneytinu og þarf afgreiðsla slíkra samþykktá að hljóta skjóta afgreiðslu. Þá er óskýrt hvers lögð er til breyting á gildistökuákvæði. Gæta þarf samræmis og og því er lagt er til að 26. gr. frumvarpsins verði svohljóðandi:

Eftirfarandi breytingar verða á 3. gr. laganna:


a. 2. mgr. orðast svo:

Fjallskilasamþykkt skal staðfest af ráðuneyti landbúnaðarmála og öðlast gildi við birtingu í Stjórnartíðindum.

Varðandi 31. gr. um breytingu á lögum um búfjárhald telja Bændasamtökin eðlilegt að aðkoma ráðherra verði aflögð og umsýsla lögð í hendur sveitarstjórna líkt og lagt er til.

Um tillögur um breytingar á búvörulögum í 35. og 36. gr. er jákvætt að skýra og styrkja heimild til sérgreiningar greiðslumarks ábúenda og leiguliða, enda er það í samræmi við framkvæmd síðastliðin ár.

Virðingarfyllst
f.h. Bændasamtaka Íslands


Guðrún Vaka Steingrimsdóttir